

Skjöl frá baráttu smíðakennara í Hafnarfirði 1977 til 1981 fyrir þóknun fyrir eftirlit með smíðastofum og fyrirbyggjandi viðhald og innkaup til smíðakennslu.

Þetta PFD skjál er samantekt á skjölum og upplýsingum er lýsa baráttu verkmenntakennara í Hafnarfirði fyrir sanngjarnri þóknun sveitarfélagsins fyrir innkaup og umsjón með verkmenntastofum á árunum 1977 til 1980. Þessi barátta skilaði skriflegum samningi við smíðakennara sem hélst í gildi þar til 2003, þegar Hæstiréttur kvað upp úrskurð um að samningnum yrði að segja upp skriflega þegar Hafnarfjarðarbær ákvað að hætta greiðslum einhliða og án fyrirvara.

Skjöl þessi eru:

- | | |
|------------|--|
| 1980/09/12 | Samkomulag milli Hafnarfjarðar og smíðakennara í grunnskólum Hafnarfjarðar |
| 1980/04/15 | Svarbréf smíðakennara í grunnskólum Hafnarfjarðar við uppsögn munnlegs samkomulags sbr drög að samkomulagi frá 1979/12/12 |
| 1980/04/15 | Fylgiskjöl með svarbréfi. Rökstuðningur smíðakennara: a) Réttmæti greiðslna fyrir eftirliti og umsjón með stofu og b) Réttmæti greiðslna fyrir innkaup. |
| 1980/04/01 | Uppsögn Hafnarfjarðar á samkomulagi við handmennta- myndmennta og heimilisfræðikennara um sérstakar greiðslur fyrir efnisútvægum, viðhald og eftirlit kennsluáhalda o.fl. |
| 1980/04/01 | Fylgiskjal 2 síður með uppsagnarbréfi: Upplýsingar varðandi efniskaup, umsjón með áhöldum og stofum, ennfremur um greiðslur til kennara vegna þess. |
| 1980/01/07 | Fundargerð og ályktanir handmenntakennara.

Eftirtfarandi drög voru höfð til grundvallar fyrir greiðslum til verkmenntakennara í Hafnarfirði þar til munnlegu samkomulagi þar um var sagt upp með áður nefndu uppsaganarbréfi frá 1980/04/01 |
| 1979/12/17 | Drög að kjarasamningi við myndmenntakennara í grunnskólum Hafnarfjarðar fyrir umsjón með myndmenntastofu og Innkaup á efni og áhöldum til myndmenntakennslu. |
| 1979/12/12 | Drög að kjarasamningi við heimilisfræðikennara í grunnskólum Hafnarfjarðar fyrir eftirlit með kennslueldhúsi og Innkaup á kennsluefni og áhöldum til heimilisfræðikennslu. |
| 1979/12/12 | Drög að kjarasamningi við smíðakennara í grunnskólum Hafnarfjarðar fyrir eftirlit með smíðastofu og innkaup á smíðaeefni og áhöldum til smíðakennslu. |
| 1998/01/01 | Útreikningur á munnlegu samkomulagi um greiðslur fyrir eftirlit með stofu og áhöldum og greiðslur fyrir innkaup til smíðakennslu. |
| 1977/02/15 | Ályktun hannyrða- og smíðakennara í Hafnarfirði til fræðsluráðs Hafnarfjarðar

Þessi ályktun varð upphafið að samræmdum greiðslum fyrir umsjón og eftirlit með smíðastofu og innkaup til smíðakennslu sem gilti til ársins 2003. |

Samkomulag.

Hafnarfjarðarbær og smíðakennarar í grunnskólum Hafnarfjarðar og Flensborgarskóla gera með sér svohljóðandi samkomulag.

Kennarar annist svo sem verið hefur, gegn greiðslu, innkaup efnis og áhalda, eftirlit með áhöldum og kennslustofu og viðhald áhalda.

Greiðslur fyrir störf þessi mun Hafnarfjarðarbær inna af hendi mánaðarlega eftir á þannig:

Kennarar í 1/1 stöðu fá greiddar 16 st. á mánuði í yfirvinnu launaflokks viðkomandi kennara.

Kennarar sem kenna minna en 1/1 stöðu fá hlutfallslegar greiðslur skv. ofangreindum stundum.


Samkomulag þetta gildi frá og með undirskriftardegi til og með 31. maí 1981. Sé því ekki sagt upp af samningsaðilum endurnýjast samkomulagið sjálfkrafa fyrir næsta skólaár.

Hafnarfirði 12. sept. 1980.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar




F.h. smíðakennara


Jóhanna Jónsson.
Öldu skóla

Hafnarfirði 15. apríl 1980

Til bæjarstjóra Hafnarfjarðarbæjar
Einars I. Halldórssonar.

Í bréfi dagsettu 1.4.1980 er okkur undirrituðum sagt upp störfum fyrir eftirlit og innkaup til smíðakennslu, frá 1. júní 1980.

Við undirritaðir teljum núverandi fyrirkomulag hafa reynst viðunandi og teljum samþykkt bæjarráts frá 20 mars óraunhæfa til sparnaðar fyrir bæjarfélagið.

Pótt élit okkar sé að umrædd vinna sé vangreidd, erum við tilbúnir að setta okkur við óbreytt fyrirkomulag og óbreyttar greiðslur. Að öðrum kosti tökum við þessi störf ekki að okkur.

Meðfylgjandi er greinargerð um störf okkar að eftirliti með smíðastofu og smíðaáhöldum, og innkaup fyrir smíðakennslu.

Afrit sent fræðslustjóra og fræðsluráði Hafnarfjarðar.

Virðingarfyllst.

Sverrir V. Guðmundsson
Sverrir Guðmundsson
Lækjarskóla.

Pétur Th. Pétursson
Pétur Th. Pétursson
Vífistaðaskóla.

Jóhannes Jónsson
Jóhannes Jónsson
Öldutúnsskóla.

Jón Kr. Jóhannesson
Jón Kr. Jóhannesson
Vífistaðaskóla.

Hreiðar Sigurjónsson
Hreiðar Sigurjónsson
Engidalsskóla.

Jóhann Örn Héðinsson
Jóhann Örn Héðinsson
Lækjarskóla.

Grétar Guðmundsson
Grétar Guðmundsson
Öldutúnsskóla.

Við undirritaðir handavinnukennarar sem séð höfum um viðhald á handavinnustofum, verkferum og vélum viljum greina hér frá okkar starfi hvað í því fellst.

Hver nemandi hefur smíðabekk sem kennarinn þarf að hirða vel um. Bekkirnir eru verðmiklir og þurfa að endast. Bitverkfæri á hvern nemanda eru þfjú sporjárn, hefill, þjúghefill, bakkasög, þverskeri, útsögunarbogi, hamar, vinkill, þvinga, þúss-klossi. Fyrir utan þetta eru mikið af sérverkfærum.

Miðað við 15 nemendur þá eru þetta:

15	stk.	hefiltennur
45	"	sporjárn
15	"	þjúghefiltennur
1	"	langhefill
7	"	tálguhnæfar
7	"	þverskerar (sagir)
15	"	bakkasagir
3	"	spónsagir

Í leðurvinnu eru 10 stk. hnífar með blöðum sem þarf að hvetja.

Í sambandi við vélar svo sem rennibekki, hjólsagir, bandsagir, þússvélar, afréttara, hefil, rafmagnsbyssur, borvélar, (föst vél) lóðbolta, brenslutaki o.fl. þá þurfa þessi tæki daglegt eftirlit.

Fyrir að sinna þessu höfum við fengið hálfan ^{á dag} stund á fulla kennarastöðu og sjá allir sem um þetta hugsa hve rausnarlega er launað fyrir þessa vinnu.

Til að gefa smá upplýsingar um hvað kostnaður er við að brýna og skerpa nokkur tæki ef það er keypt út þá er það:

sporjárn	1 stk.	kr.	40.-
hefiltönn	"	"	800.-
sög	"	"	2500.-
bakkasög	"	"	1250.-

Þettavverð er fyrir utan söluskatt.

Þennan lista er hægt að hafa miklu lengri ef óskað væri eftir nánari upplýsingum, en sem sagt smá sýnishorn.


Sömu smíðakennarar hafa séð um innkaup á sambandi við þessa kennslugrein. Kennarar hafa reynt að hafa fjölbreittni í smíðakennslunni og val á smíðastykkjum fjölbreitt. Þetta útheimtir að sjálfsögðu miklu meiri vinnu fyrir kennara. Og jafnframt útréttingar á þeim smá hlutum sem þarf viðvirkjandi þessari smíði. Hlutir þessir eru margir og mikil fjölbreittni og þarf að fara vítt og breitt til að ná í þá. Timbrið sem þarf í smíðisgripum er kannski minsta vinnan að útvega.

Dæmi um efni til smíðakennslu:

Abakki	blikk	eirvír
álplötur	bókbandsspappi	filt
balsi	brennisteinslifur	fura
bast	bæs	froðuefni
bein	dýlaefni	garn
beyki	eik	greni
bindigarn	eirplötur	grisja
birki	eirrör	glerungsduft, ýmsar teg.
griplím	hlífðarpappír	mislitur pappír
naglar	nýsilfurplötur	nýsilfuruvír
olíulitir	olíumálning	oxýdar
pappír margskonar	pappírslím	perlur
plastleir	plastpokar	rexin
rúðupappír	saltpétursýra	silfurslagloð og fluss
skinn	skinnræmur	skrúfur
slípimassi	smellur	smeltiduft
sníðapappír	snæri	spónaplötur
strigi	teiknipappír	tekk
tekkolífa	tin	tragantlím
trélím	tvistur	töflukrít
vatnslitir	vatnsmáling	þekjulitir

Mikið af þessu efni fæst aðeins í Reykjavík. Svo sem allt í leðurvinnu smelltvinnu bast og tágum og hornavinnu o.fl.

Fyrir að sinna þessu starfi höfum við fengið 2 kl. á viku á fulla stöðu það kann að samsvara því að fara eina ferð í R.vkk. í viku sem er sennilega það venjulega hjá kennara. Þá er enginn tími eftir til að sinna öllu því sem við þurfum að sækja hér í verslanir. Þess má svo geta að undirritaðir kennarar hafa lagt til sína eigin bíla og bensín í þessar ferðir án þess að leggja fram reikning fyrir þeim kostnaði. Sem allir sjá að er ekki til fyrirmyndar.



HAFNARFJARÐARBÆR

BÆJARSTJÓRI

Hafnarfirði, 1. apríl 1980.

EIH/eh.

Á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar 20. mars s.l. var samþykkt svofelld bókun varðandi efnisútvegum o.fl. fyrir skólana.

" Á fundi bæjarráðs 15. nóv. s.l. var samþykkt að segja upp samkomulagi við handmennta- myndmennta- og heimilisfræðikennara um sérstakar greiðslur fyrir efnisútvegum, viðhald og eftirlit kennsluáhalda o.fl.

Jafnframt var bæjarstjóra falið að leita eftir endurskoðun á greiðslum fyrir verkefni þessi.

Bæjarstjóri upplýsti að viðræður við fulltrúa kennara hafi ekki borið tilætlaðan árangur.

Af þessu tilefni gerir bæjarráð því eftirfarandi tillögu til bæjarstjórnar:

Bæjarstjórn samþykkir að ráða til reynslu í hlutastarf sérstakan starfsmann á fræðsluskrifstofu, sem muni m.a. annast efnisútvegum o.fl. fyrir skólana. Miðað skal við að starfsmaðurinn hefji störf næsta haust.

Fræðslustjóra er falið að annast undirbúning að þessu í samráði við bæjarstjóra.

Núverandi fyrirkomulag á efnisútvegum o.fl. skal haldast óbreytt til vors. "

Framangreind tillaga var samþykkt á fundi bæjarstjórnar 25. mars s.l.

Í framhaldi af samþykkt þessari er þess óskað að fyrri samkomulag um efnisútvegum o.fl. gildi þar til kennslu lýkur nú í vor.

Ég vil taka fram að þrátt fyrir samþykkt þessa er ég enn reiðubúinn til að ræða við kennara um annað heildarfyrirkomulag, sem leitt gæti til svipaðrar niðurstöðu.

Virðingarfyllst,

Einar I. Halldórsson.

Handavinnukennarar grunnskólanna,
b.t. hr. Péturs Th. Péturssonar,
Viðistaðaskóla,
Hafnarfirði.

UPPLÝSINGAR VARÐANDI EFNISINNKAUP, UMSJÓN MEÐ ÁHÖLDUM OG STOFUM, ENNFREMUR UM GREIÐSLUR TIL KENNARA VEGNA ÞESSA.

HAFNARFJÖRÐUR.

A. Handmennt.

Vegna efnisinnkaupa, umsjónar með léttari kennsluáhöldum og stofu fá hafnfirskir handmenntakennarar greitt sem hér segir :

Kennari í 1/1 stöðu fær greiddar 4.5 stundir pr. viku skv. yfirvinnu viðkomandi launaflokks.

Allt undir 1/1 stöðu og umfram er greitt hlutfallslega.

ATH. Í Flensborg eru greiddar fastar 18 stundir pr. mánuð á 1/1 stöðu og umfram hana.

B. Myndmennt.

Lfnislega hliðstätt A - lið fá myndmenntakennarar í Hafnarfirði greitt sem hér segir : *allt, ekki fyrir umkaup*

Kennari í 1/1 stöðu fær greiddar 2.25 stundir pr. viku skv. yfirvinnu viðkomandi launaflokks.

Allt undir 1/1 stöðu og umfram er greitt hlutfallslega.

C. Heimilisfræði.

Sbr. myndmennt.

ATH. Í Flensborg eru greiddar fastar 12 stundir pr. mánuð á 1/1 stöðu og umfram hana.

GARÐABÆR.

A. Handmennt.

Greitt er fyrir efnisinnkaup skv. framlögðum reikningum, enda komi þeir heim og saman við úttektarbeiðnir er fylgja eiga efnisreikningunum.

B. Myndmennt.

Sbr. handmennt.

C. Heimilisfræði.

Engar greiðslur.

KÓPAVOGUR.

A. Handmennt.

1. janúar s.l. var ráðinn starfsmaður í fullt starf við innkaup á efni til smíða og sauma.

B. Myndmennt.

Sami starfskraftur og í A sér um innkaup.

C. Heimilisfræði.

Engar greiðslur vegna efnisútvegunar.

REYKJAVÍK.

A. Handmennt.

2 starfsmenn annast innkaup, báði^r í fullu starfi.

ATH. Smíðakennarar í fullu starfi fá greiddar 2 stundir pr. viku vegna viðhalds léttari áhalda og umsjón með smíðastofum.

B. Myndmennt.

Engar greiðslur vegna efnisútvegunar.

C. Heimilisfræði.

Engar aukagreiðslur.

ATH. Í Reykjavík eru starfandi 23 skólar.

SFLTJARNANES.

A. Handmennt.

Vegna efnisinnkaupa, umsjónar með áhöldum og stofum er greitt til kennara í 1/1 stöðu 3 stundir pr. viku.

B. Myndmennt.

Sbr. handmennt.

C. Heimilisfræði.

Engar greiðslur.

Fundur hjá handmenntakennurum í Hafnarfirði var haldinn
mánudaginn 7. janúar 1980 í húsakynnum Lækjarskóla.

Fundinn sátu allflestir handmenntakennarar grunnskóla Hafnarfj.
Fundarstjóri var kjörin Snjólaug Sveinsdóttir, kennari Engidalsskóla.
Fundarritari var kjörinn, Sverrir V. Guðmundsson, kennari Lækjarskóla.

1. mál fundarins varð um "samkomulag" milli handmenntak. og bæjar-
yfirvalda varðandi eftirlit á stofu og efniskaup. Var það
lítilega rætt, en fljótlega tekið út af dagskrá þar sem
ekkert nýtt hefur komið fram í því máli. Á meðan svo væri,
mundu kennarar vinna þessi störf samkvæmt gamla samkomulaginu.
2. mál var fjármagn til efniskaupa fyrir mynd- og handmennt.
Töldu fundarmenn eðlilegt og æskilegt að hver skóli fengi
sína ákveðnu upphæð í samræmi við nemendafjölda, en ekki
ein upphæð fyrir alla skólana. Ýmislegt spann inn í þetta
mál s.s. stöðvun á efniskaupum. - Hvað fellur undir handavinnu-
efni o.fl.
3. mál var könnun námsefnis. Kom strax fram að þörf er á kennslu-
bókum í undirstöðuatriðum námsgreinarinnar. Bækur fyrir
nemendur. Var eftirfarandi tillaga samþykkt.

Fundur handmenntakennara í Hafnarfirði haldinn
7. janúar 1980 telur óhæft að stunda lengur handmenntakennslu
án kennslubóka fyrir nemendur. Því ítrekar fundurinn við
fræðsluráð Hafnarfjarðar þá beiðni sína að það knýi á við
menntamálaráðuneytið um að lokið verði við kennsluefni
fyrir nemendur í hannyrdum og smíði.

4. mál var skipulag til vors. Töldu kennarar það vera í föstum
skorðum, og ekki ástæða til frekari umræðu.
5. mál: Önnur atriði er varða skólastarfið. Þarna urðu umræður
nokkuð frjálssar, og erfitt fyrir ritara að fylgja öllum eftir.
Eitt mál reis þó hæst, en það samræming í einkunnagjöf. Voru
allir sammála um að samræming millum skólanna væri nauðsynleg.

Fundi slitið.

Sverrir V. Guðmundsson

1980	09.01.80
1980	09.01.80
1980	09.01.80

Drög að kjarasamningi 17.12.1979.

Samningur þessi er milli myndmenntakennara í grunn-skólum Hafnarfjarðar annars vegar og bæjarstjóra Hafnarfjarðar fyrir hönd bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hins vegar.

I. Umsjón með myndmenntastofu.

Greiddar verði 3 klst. á heila stöðu fyrir umsjón með myndmenntastofu, efni og áhöldum, svo og fyrir vinnu vegna kennslu í leir og leirbrennslu.

Greiðist hlutfallslega ef kennt er meira en heil staða eða minna.

II. Innkaup á efni og áhöldum til myndmenntakennslu.

Greiddar verði 2 klst. á heila stöðu fyrir innkaup á efni og áhöldum, og hlutfallslega, ef kennt er meira eða minna.

Stundafjöldinn miðist við vikukennslu.

Umræddir tímar skulu greiddir á yfirvinnukaupi samkvæmt launaflokki viðkomandi kennara.

Samningur þessi verði skriflegur og gildi fyrir skólaárið, þ.e. frá 1. sept. til 1. júní. Samningurinn er uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara 1. júní ár hvert.

Fyrir hönd myndmenntakennara
í Hafnarfirði

Kerstin Pálsdóttir

Drög að kjarasamningi 17.12.1979.

Samningur þessi er milli myndmenntakennara í grunn-
skólum Hafnarfjarðar annars vegar og bæjarstjóra
Hafnarfjarðar fyrir hönd bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
hins vegar.

I. Umsjón með myndmenntastofu.

Greiddar verði 3 klst. á heila stöðu fyrir umsjón
með myndmenntastofu, efni og áhöldum, svo og fyrir
vinnu vegna kennslu í leir og leirbrennslu.

Greiðist hlutfallslega ef kennt er meira en heil
staða eða minna.

II. Innkaup á efni og áhöldum til myndmenntakennslu.

Greiddar verði 2 klst. á heila stöðu fyrir innkaup
á efni og áhöldum, og hlutfallslega, ef kennt er
meira eða minna.

Stundafjöldinn miðist við vikukennslu.

Umræddir tímar skulu greiddir á yfirvinnukaupi
samkvæmt launaflokki viðkomandi kennara.

Samningur þessi verði skriflegur og gildi fyrir
skólaárið, þ.e. frá 1. sept. til 1. júní. Samningurinn
er uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara
1. júní ár hvert.

Fyrir hönd myndmenntakennara
í Hafnarfirði

Karolina Pálsdóttir

Samningur þessi er milli smíðakennara í grunnskólum Hafnarfjarðar annars vegar og bæjarstjóra Hafnarfjarðar fyrir hönd bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hins vegar.

1. Eftirlit með smíðastofu.

Greitt verði 2 klst. 30 mín. á heila stöðu, fyrir eftirlit með smíðastofu, smíðaáhöldum og smíðaefni og í sama hlutfalli ef kennt er meira eða minna.

2. Innkaup á smíðaefni og áhöldum til smíðakennslu.

Greitt verði 2 klst. 30 mín. á heilastöðu fyrir innkaup á smíðaefni og smíðaáhöldum og í sama hlutfalli ef kennt er meira eða minna.

Stundafjöldinn miðist við vikukennslu.

Umræddir tímar skulu greiddir á yfirvinnukaupi, samkv. launaflokki viðkomandi kennara.

Samningur þessi verði skriflegur og gildi fyrir skólaárið, þ.e. frá 1. sept. til 1. júní. Samningurinn er uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara 1. júní ár hvert.

Samningsdrög þessi eru samþykkt þannig af

undirrituðum smíðakennurum í grunnskólum Hafnarfjarðar.

Þann 12. des. 1979.

Pétur Th. Pétursson

Jóhannes Þórhildur Ólafsson
Einar Einarsson
Sverrir D. Guðmundsson
Jóhann Ólafsson
Lárus Þ. Lárusson
Hreiður Magnússon

ÁLYKTUN TIL FRÆDSLURÁÐS HAFNARFJARÐAR.

Sameiginlegur fundur hannyrða- og smíðakennara í Hafnarfirði, haldinn 8. mars 1977, telur að vonlaust sé að taka mark á bréfi frá Ólafi S. Magnússyni, dagsettu 15. febrúar 1977, þar sem tekið er fram að innkaupanótur megi ekki fara fram yfir 10 þúsund krónur.

Fundurinn telur einnig að greiðsla~~r~~ sem nefnd var á launamíðum," vegna handavinnukennslu", sé ekki fullnægjandi fyrir þá vinnu, sem umræddir kennarar leggja fram vegna eftirlits með stofu, innkaupa og eigin bifreiðanotkunar, og óskar eftir nánari skilgreiningu á hvað skuli gert fyrir þessar aukagreiðslur.

Fundurinn álitur mikið skilningsleysi og virðingarleysi lýsa sér í "beiðnaskömmunarfyrirkomulagi" bæjaryfirvalda og telur brotið á þeirri sjálfsögðu kröfu fundarmanna, að við þá sé rætt þegar fjallað er um störf þeirra, réttindi og skyldur.

Því samþykkir fundurinn að hætta að gegna eftirlits og innkaupa-störfum fyrir skólanefnd Hafnarfjarðar, (fræðsluráð), frá og með 25 mars næstkomandi, nema rætt verði við fundarmenn fyrir þennan tíma.

Fundurinn samþykkir að fela Pétri Th. Péturssyni og Guðríði Karlsdóttur að afhenda forstöðumanni fræðsluskrifstofu Hafnarfjarðar ályktun fundarins.

Guðrún Karlsdóttir Halvín Markúsdóttir
Jóhanna Þórunn Helga Þórunnsdóttir
Jóhanna Þórunn Pétur Th. Pétursson.
Margrét S. Magnúsdóttir Súsanna Kristinsdóttir
Sigrún Þórunn Sigrún Þórunnsdóttir
Sigrún Þórunn Hrafnhildur Sigurjónsson
Kolbrún Karlsdóttir Sigrún Baldvinsdóttir
Sigrún Þórunn
Gretur Guðmundsdóttir.